

Aðalfundur Félags starfsmanna stjórnarráðsins
Þriðjudaginn 30. mars 2021

Fundarstjóri: Margrét Sigurðardóttir
Fundarritari: Jóna Gróa Valdimarsdóttir

Þórveig Þormóðsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Að því búnu tók Margrét við fundarstjórn og bauð formanni að gera grein fyrir skýrslu stjórnar.

1. Venjuleg aðalfundarstörf

Formaður áréttaði að í raun væri um að ræða aðalfund sem hefði átt að halda 2020, en hefði þurft að fresta vegna Covid faraldursins og því yrði farið yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2019.

Fjöldi félagsmanna er um 200 og iðgjald 0,8% af dagvinnulaunum. Vegna smæðar félagsins kemur annað slagið til talsins möguleg sameining við Sameyki, en sú umræða er ekki komin á neitt formlegt stig ennþá. Eins og áður hefur komið fram er félagið ekki með skrifstofu og því fer öll vinna stjórnarmanna fram við skrifborðið á þeirra vinnustöðum. Rekstrarkostnaður félagsins er því mjög lítill.

Megin reksturinn er vegna orlofshúsanna sem eru fjögur talsins.

Akureyri: Komið hefur til tals hvort kaupa eigi nýtt hús eða lagfæra og endurnýja það sem fyrir er. Endurnýjun yrði mjög kostnaðarsöm og því vafasamt að hún myndi borga sig. Þessi mál eru því enn til skoðunar.

Flatey: Húsið er eingöngu í sumarleigu. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar en þó er kominn tími til að hressa upp á húsið.

Hrísholt: Ýmislegt hefur verið endurnýjað, t.d. hefur verið sett upp nýtt stýrikerfi fyrir heita pottinn og nýtt rúm í hjónaherbergi. Fyrirhugað er að taka baðherbergið alveg í gegn í apríl.

Munaðarnes: Vandamál var með vatnslögn sem nú hefur verið komið í lag. Einnig hefur verið komið fyrir geymsluskúr á pallinum.

Aðrir orlofskostir voru veiðikort á 4.4.00 krónur og seldust þau vel. Gjafabréf hjá Icelandair hafa ekki verið í boði vegna Covid.

Haldið var kaffiboð fyrir eldri félagsmenn, þ.e. 65+, og einnig þá sem komnir eru á eftirlaun. Boðið var haldið á Grand hóteli í maí og mættu um 80 manns. Mæting á þessi kaffiboð er almennt mjög góð, u.þ.b. 80-90 manns hverju sinni. Einnig var góð mæting á jólaball sem haldið var fyrir börn og barnabörn félagsmanna í Valsheimilínu. Þar voru í boði finar veitingar og gjafapokar fyrir börnin.

Eftir langa törn lauk vinnu við kjarasamninga í apríl 2020 og var stærsta málið stytting vinnuvikunnar. Kjarasamningurinn gildir frá apríl 2019 til 31. mars 2023.

Minnt var á ýmsa styrktarsjóði BSRB, svo sem vegna sjúkradagpeninga, líkamsræktar, starfsmenntunar og starfsþróunar. Einnig var áréttað að Starfsmennt er með námskeið, sem eru endurgjaldslaus fyrir félagsmenn.

Þá voru reikningar félagsins fyrir árið 2019 lagðir fram og fór gjaldkeri ítarlega yfir þá. Að því loknu var fundargestum gefið laust orðið um þá. Þeir voru svo bornir upp til atkvæðagreiðslu og samþykktir.

Tillaga um að hafa félagsgjaldið óbreytt var samþykkt. Þá var borin upp tillaga um að sama stjórn sæti áfram fram að aðalfundi fyrir árið 2020, sem stefnt væri að í maí/júní 2021. Var tillagan samþykkt.

2. Önnur mál

Formaður bað fundargesti um að gera grein fyrir hvernig stytting vinnuvikunnar hafi tekist á þeirra vinnustöðum og kom eftirfarandi í ljós:

Í Hagstofunni hefur full stytting verið síðan árið 2017.

Í dómsmálaráðuneyti, fjársýslunni, forsætisráðuneyti og Umbru er tekin full stytting, ýmist hálfur eða heill dagur í einu.

Í atvinnuvegaráðuneyti var kosið um 13 mínútna styttingu fram í september, en þar vilja starfsmenn almennt ekki missa neyslulhé. Þetta verður svo endurskoðað í haust.

Í fjármálaráðuneyti var ákveðið að hafa 13 mínútna styttingu til 1. maí og í utanríkisráðuneyti til 1. júlí og taka það þá til endurskoðunar.

Í heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti eru í boði mismunandi valmöguleikar og fer framkvæmdin eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Orlof reiknast eftir sem áður 40 klst. á viku.

Formaður ítrekaði að vonast væri til að hægt verði að hafa næsta aðalfund, þ.e. fyrir árið 2020, í maí eða júní á þessu ári.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið.